



Fréttabréf

Delta Kappa Gamma

Vor 2011

Félag kvenna í fræðslustörfum
á Íslandi

Frá ritnefnd

Kæru systur.

Það er með nokkrum trega að við setjum saman síðasta fréttabréfið að sinni, en nú er komið að leiðarlukum sitjandi ritnefndar. Við höfum lagt metnað okkar í að þróa útgáfumál Delta Kappa Gamma á Íslandi í sömu jákvæðu áttina og forverar okkar og óskum nýrri ritnefnd alls hins besta.

Það er eðlilegt á tímum breytinga að slík mál séu í brennidepli allra, sem vilja koma erindi sínu á framfæri, sameina og styrkja félagsandann. Samtökum okkar er slík útgáfa mikils virði. Það er ekki sjálfgefið að svo lítið svæði sem Ísland er í alþjóðlegu samhengi, gefi út efni á eigin tungumáli. Ef við lítum á allt það efni, sem fyrir liggur og gefið hefur verið út hér, fréttabréfin, handbækur, lög og reglugerðir, sögulegt efni, afmælisrit, bæklingar og fleira getum við verið stoltar og haldið ótrauðar áfram. Þá er ótalið allt það efni, sem liggur á heimasíðu samtakanna <http://dkg.muna.is>. Stundum hættir okkur til að líta fram hjá vefefni þegar fjallað er um útgáfumál og það er eðlilegt að sá mikli möguleiki, sem vefurinn býður til útgáfu kalli á breyttan hugsunarhátt í útgáfumálum. Það hefur verið rætt í nefndinni okkar að sumt efni eigi augljóslega betur heima á vefnum, til dæmis ýmis konar tilkynningar og upplýsingar, sem auðvelt er að uppfæra og koma á framfæri með litlum fyrirvara. Hins vegar höfum við líka komið auga á efni, sem hafið er yfir líðandi stund og á erindi með breiðari skírskotun en augnablikið gefur tilefni til. Þess vegna höfum við kosið að fara milli-vegin í útgáfu á fréttabréfum, sem hefð er fyrir að komi út að hausti og vori. Haustbréfið komi út í prentuðu formi, en jafnframt á vef - vorbréfið eingöngu á vef, en þannig úr garði gert að auðvelt sé að prenta það. Ekki má gleyma þeim, sem ekki hafa aðgang að vefnum og geta ekki nýtt sér þann kost við að nálgast fréttabréfin. Þá viljum við gjarnan beina því til framtíðarinnar að allt efni ritnefnda, sem gefið er út á vef, verði jafnframt prentað og afhent Kvennasögusafni Íslands til varðveislu með öllu öðru útgefnu efni samtakanna.

Starfið í nefndinni hefur verið gefandi og frjótt og við erum þakklátar fyrir að hafa fengið tækifæri til að starfa saman að mikilvægu málefni. Þrátt fyrir mjög dreifða búsetu hefur okkur gengið vel að sameinast um efni og leiðir og höfum nýtt okkur tölvutæknina af alefli. Allar deildir, forsetinn okkar og vefstjóri eru vel tengdar og hefur það létt okkur starfið mjög. Það hefur verið einstaklega ánægjulegt að starfa með ykkur öllum og þökkum við kærlega fyrir lipurð og dugnað. Forsetanum okkar Ingibjörgu Jónasdóttur, þökkum við einstaklega frjó samskipti og alúð og óskum nýjum forseta og nýrri stjórn alls hins besta í framtíðinni. Við erum sannarlega tilbúnar að veita viðtakandi ritnefnd alla aðstoð við að ýta úr vör næsta haust. Með þakklæti og kveðjum,

Jónína Eiríksdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir og Prúður Kristjánsdóttir, Deltadeild



Fréttabréfið er unnið í Publisher, prentað í boði Snorrastofu í Reykholti (<http://snorrastofa.is>) í nokkrum eintökum til kynningar og notkunar fyrir stjórn. Einnig mun það verða sent Kvennasögusafninu. Annars birt félögum á vef samtakanna, <http://dkg.muna.is>



Ingibjörg Jónasdóttir Landssambandsforseti

*Ég þráði vorið ljóst og leynt,
og langa biðin þungt mér sveið.
Ó, vor! mér fannst þú vikaseint
og víða töf á þinni leið.*

Svo segir í ljóði Stefáns frá
Hvítadal.

Við höfum að undanförmu verið
minntar á að við búum í landi
elds og ísa, en sem betur fer birtir
á ný, og aftur vitna ég í Stefán:

*Nú finn ég vorsins heiði í hjarta.
Horfin, dáið nóttin svarta.
Ótal drauma blíða hjarta
barstu, vorsól, inn til mín.
Það er engin þörf að kvarta,
þegar blessuð sólin skín.*



Þessi tvö ár í embætti forseta lands-
sambandsins hafa verið mér ákaflega
ánægjuleg og liðið ótrúlega fljótt.
Það sem stendur upp úr, er hve ég hef
kynnst mörgum frábærum konum
víðsvegar um landið, fengið að
fylgjast með áhugaverðum verk-
efnum og séð hve mikill kyngikraftur
er í konum í þessum samtökum. Ég
er þakklát að hafa fengið að upplifa
marga deildarfundi víðsvegar á land-

inu, þar sem alls staðar er verið að vinna að ótrúlega frjóum og faglegum verkefnum. Það er ánægjulegt að fylgjast með konum eflast við hvert verkefni, hvort sem er í starfi fyrir samtökin, í starfi sínu, námi, listum eða á öðrum vettvangi í þágu samfélagsins.

MARKMIÐIN OKKAR

Samtök Delta Kappa Gamma byggjast upp á vináttu, trúmennsku og hjálpsemi og markmiðin okkar sjö eru okkar leiðarljós. Starfsemin blómstrar best þar sem deildir hafa sett sér markmið fyrir vetrarstarfið, hafa ákveðið þema sem skoðað er frá ýmsum sjónarhornum, fastsett dagskrá vetrarins strax á haustdögum, haldið formfestu á fundum með nafnakalli og lestri fundargerða og virt að samverustundin er mikilvæg fyrir þær sem geta mætt. Fundir í heimahúsi eru víða vinsælir og hefur sannast að þröngt mega sáttir sitja. Einnig er alltaf áhugavert að fá að koma á vinnustaði og fá að kynna starfi kvenna og verkefnum þeirra. Ef málefni eru krufin, hóp-eflið nýtt, unnið er sameiginlega að einhverju málefni, eykur það systrabælið og inn-
sæi inn í hugarheim félagskvenna.

HEIÐURSKONUR

Á nýafstöðnu landssambandsþingi var afar ánægjulegt að fá tækifæri til að heiðra tvær af okkar stofnfélögum, Pálinu Jónsdóttur úr Gammadeild og Sigríði Valgeirsdóttur úr Alfadeild. Þeim verður seint þakkað óeigingjarnt starf í þágu samtakanna og ekki síður í þágu menntunar.

ÞING

Á landssambandsþingið komu fjórir erlendir gestir og gaf það þinginu alþjóðlegan svip. Við fundum að við vorum hluti af stærra samfélagi. Ég fór á landssambandsþingið í Hollandi viku seinna og fann þá þessa sömu tilfinningu. Það var mjög ánægjulegt að þar var einnig fjallað um frumkvöðlastarf og nýsköpun.

Um það bil tuttugu konur fara héðan á Evrópuþingið í sumar í Baden Baden og eru þær margar með verkefni á þinginu, sem sýnir virkni okkar kvenna í félagsskapnum. Þar munar nú um að sex íslenskar konur starfa í alþjóðanefndum þetta ár og það næsta.

NEFNDIR

Það er til margs að líta ef horft er um öxl og nefndir landssambandsins hafa verið afar virkar. Þeim eru þökkuð vel unnin störf og frábært samstarf.

Laganefnd endurskoðaði lög in í kjölfar lagabreytinga síðasta alþjóðþings og samræmði reglugerðina. Þetta hefur verið mikil törn. Núverandi stjórn leggur til að unnið verði eftir þessum breytingum næsta vetur og reglugerðin verði rædd í deildum næsta ár. Við þurfum að virkja konur til að láta í sér heyra um hvernig þær vilja að samtökin aðlagist nútímanum.

Menntanefndin undirbjó tvö glæsileg þing, annað með yfirskriftinni: Góðir hlutir gerast og hitt: Fagvitund í fyrirrúmi. Var góður rómur gerður að þeim báðum og var þeim og stjórninni til mikils sóma.

Félaga- og útbreiðslunefnd stóð að stofnun tveggja nýrra deilda, Lambdadeildar í Reykjavík og Mýdeildar á Akureyri og erum við afar stoltar af þeim kraftmiklu ungu konum sem þar hafa gengið til liðs við okkur. Þetta er mikil vinna og því ekki amalegt að hafa notið krafta Ingibjargar Einarsdóttur sem þaulvön er þessari vinnu og þekkir konur alls staðar á landinu. Fjölgað hefur í öllum deildum á tímabilinu og erum við afar ánægðar með það. Alltaf eru einhverjar deildir sem ganga í gegn um tímabil sem tekur á og geta verið margar ástæður fyrir því, en það er vináttan sem heldur okkur saman og við hjálpumst að við að komast á réttan kjöl á ný.

Námstýrkjanefnd fór yfir 6 umsóknir um innlendan styrk samtakanna og ákvað stjórnin að úthluta tveimur styrkjum þetta árið.

Utgáfu- og fréttanefnd stóð að úgáfu fjögurra fréttabréfa með þessu blaði. Auk þess voru útbúnir einblöðungar í tilefni þinganna. Tvö bréfanna voru prentuð en hin gefin út á vefnum. Bæði þessi blöð eru hin glæsilegustu.

Við þurfum stöðugt að gæta að því hvernig við best göngum í takt við nýja tíma, þó svo að við gleymum ekki á hvaða merg við stöndum. Við þurfum að gera vefinn aðlaðandi og notendavænan.

LEIÐTOGANÁMSKEIÐ

Haldin voru tvö opin leiðtoganámskeið, annað í tengslum við vorþingið og hitt haustið 2010, Becoming Educators of Excellence. Tvær deildir buðu upp á opna fundi, 30 ára afmælishátið Alfadeildar og skemmtikvöld Etadeildar. Gönguhópur var starfræktur á höfuðborgarsvæðinu og hittust konur þvert á deildir og gengu saman einu sinni í mánuði. Við gengum í regnhlífarsamtökin Skotturnar, en kvennasamtök tóku sig saman um að berjast gegn kynbundnu ofbeldi. Einnig styrktum við verkefnið Schools for Africa í samvinnu við Unicef.

RADDIR FÉLAGANNA

Sameiginlegir fundir eru alltaf tilhlökkunarefni, því gaman er að kynnast og fá fjölbreytni í starfið. Verum duglegri að sækja þingin. Það er samdóma álit þeirra sem mæta að þær vildu ekki hafa misst af þeim. Látum vita hvaða umfjöllunarefni við viljum fá á þingin, því ef félagskonur láta ekki í sér heyra þá veit stjórnin ekki hvað þær vilja.

Það er nauðsynlegt að hafa „gaman saman“, en munum að við erum í þessum samtökum á faglegum grunni, við höfum allar áhuga á mennta og menningarmálum, okkur kemur samtíðin við og viljum hafa áhrif í samfélaginu. Lítum enn í kringum okkur og bendum á hvaða góðir hlutir eru að gerast í umhverfi okkar, bendum á þá, styrkjum og styðjum. Pálína Jónsdóttir minnti okkur á það á landssambandsfundinum í vor að við mættum aftur taka upp umfjöllun um ýmis samfélagsmál og senda frá okkur greinargerðir. Þetta eru orð í tíma töluð.

Lítum til þess sem betur má fara og látum í okkur heyra. Í röðum okkar eru helstu áhrifakonur menntakerfisins og ættum við því að geta gert okkur gildandi sem álitsgjafar um menntamál. Við þurfum að slá skjaldborg utan um menntamál. *Góðir hlutir gerast aldrei of oft.*

Um leið og ég sendi ykkur hlýjar kveðjur út í sumarið, óska ég ykkur gleði og góðrar heilsu. Ég þakka öllum þeim góðu konum sem hafa stutt mig, gefið mér góð ráð og hrós og þannig styrkt mig í þessu starfi fyrir samtökin. Þið skipið heiðursess í mínu hjarta. Allar kærur DKG konur, þakka ykkur ánægjulegt samstarf og góð kynni. Ég kveð að sinni með orðum Stefáns frá Hvítadal.

*Þér, sem hefur þunga borið,
þráða gleðifregn ég ber:
Bráðum kemur blessað vorið,
bráðum gláðnar yfir þér.*

*Æskan heillar, augu skína,
eyru fyllast glöðum klið.
Syngur vor í sálu þína
svanakvak og vatnanið.*

Stefán frá Hvítadal

**Maí 2011, Ingibjörg Jónasdóttir
Landssambandsforseti DKG í Íslandi 2009-2011**



*Ritnefnd óskar öllum þeim góðrar ferðar, sem
hyggja á þátttöku í Evrópuþinginu í
Baden Baden. Við erum stoltar af framlagi Íslands
þar og hlökkum til að heyra frá þinginu
á hausti komanda.*

Fagvitund í fyrirrúmi

Landssambandsþing Delta Kappa Gamma á Íslandi, haldið á Flughótelinu í Keflavík, 7.-8. maí 2011.

Hefð er fyrir því að Landsambandsþing samtakanna skiptist í þrennt: faglegan hluta, skemmtun og samveru og aðalfund þar sem farið er yfir tveggja ára tímabil og kosin ný forysta landssamtakanna. Menntanefnd sá um faglega hlutann, Þetadeildin um umgjörðina, skemmtun og samveru og stjórnin að sjálfsögðu um aðalfundinn, sem var á sunnudeginum. Fjórir erlendir gestir sátu þingið, dr. Carolyn Rants fyrrverandi alþjóðaforsæti og auk þess þrjár systur úr Evrópu, frá Englandi og Hollandi.



ÞINGIÐ

Yfirskrift þingsins var *Fagvitund í fyrirrúmi* og litaðist dagskrá laugardagsins af því. Það hófst með ávarpi dr. Carolyn Rants, sem hrósaði Íslandi fyrir frábærlega kröftugt starf, bar okkur kveðju forystunnar í Austin og hvatti okkur til dáða. Síðan var boðið uppá mörg mjög áhugaverð erindi. Svanborg R. Jónsdóttir fjallaði fyrst um nýsköpunarmennt í grunnskóla. Hún rakti fyrir okkur ástæðu þess að hún valdi sér þessa námsgrein til að vinna með í doktorsverkefni sínu við H.Í. Kostina taldi hún felast í því að vekja sjálfstæða og ábyrga hugsun nemenda ásamt frumkvæði og þegar til útfærslu á hugmyndum kæmi lærdú þeir að rýna í og meta þær. Í nýsköpun nýttist nemendum margs konar hæfileikar og fleiri nytu sín en í hefðbundnu bóknámi. Sérlega ánægjulegt var að hlýða á sigurvegara Reykjanesbæjar í Stóru upplestrarkeppninni. Hún flutti okkur ljóð.

Þá sagði Ruth Magnúsdóttir, aðstoðarskólalastjóri Egilsstaðaskóla, frá verkefninu Umhverfislæsi og staðarstolt, sem skólinn hennar hefur tekist á við að undanförmu. Þar er hugmyndafræði nýsköpunarinnar nýtt til þess að vekja virðingu og ábyrgð á umhverfi nemenda og aðstæðum. Þar hefur öllum kennurum verið gert að skyldu að nýta sér þessa hugmyndafræði í vinnu sinni með nemendum og fram kom í máli Ruthar að margir gleðilegir sigrar hafa unnist og með enn einbeittari vinnu, vinnist fleiri í framtíðinni.

Þá hreyfði Ingibjörg Auðunsdóttir sérfræðingur við Háskólann á Akureyri við viðkvæmu máli, sem hún kallaði, Einelti stúlkna og fagvitund kennara. Þar sagði hún frá aðkomu sinni að fjölmörgum tilfellum í skólum þar sem stúlkur legðu aðrar stúlkur í einelti og í starfi sínu hefði hún orðið þess áskynja að stúlkurnar væru um margt mjög erfiður hópur, sem áriðandi væri að kennarar og allir, sem málið snerti, fengju aðstoð til að vinna með. Hún taldi skólakerfið afar stutt á veg komið við að bregðast á raunhæfan hátt við þessu, en á meðal stúlkna þróaðist oft einelti, sem dyldist betur

og væri um margt óvægnara en venjulegt einelti í skólum.

Þá var komið að tveimur fulltrúum þeirra, sem horfa á nám nemendanna með augum rannsakandans. Það voru þau Almar Halldórsson frá Námsmatsstofnun og Ásta Urbancic, deildarstjóri mennta- og menningarmálanefnd Hagstofu Íslands, sem stigu á stökk og fjölluðu um Ísland í alþjóðlegum samanburði. OECD hefur gefið út skýrslur um skóla sína og hvað einkennir þá og frammistöðu nemendanna. PISA og TALIS rannsóknir eru verkfæri til slíkra samantekta og fram hefur komið sú jákvæða niðurstaða að 15 ára nemendum íslenskum hefði farið fram í lesskilningi. Hins vegar væru ekki merkjanlegar framfarir í stærðfræði og náttúrufræði. Þetta töldu þau að þyrfti að gera átak um og rannsaka betur. Einnig tiltóku þau þá staðreynd að íslenskir skólar væru ekki lengur jafn líkir hver öðrum og áður var. Breytileiki þeirra væri að aukast.



Næst á dagskránni var erindi frá Súðavíkurskóla. Anna Lind Ragnarsdóttir, skólastjóri og Jóna Benediktsdóttir, grunnskóla-kennari hafa um nokkurt skeið unnið að því með samstarfsfólki sínu að innleiða uppbyggingarstefnuna, uppeldi til ábyrgðar í starfi með nemendum. Skólafólkinu fannst að til þess að umbætur þær, sem sú stefna gæti haft á samfélagið allt, kæmst sem fyrst í framkvæmd, væri nauðsynlegt að ná til foreldra og kynna þeim málið og virkja. Þær stöllur sögðu frá því hvernig þær

nálguðust foreldrahópin með því að boða fyrst alla feður barnanna á foreldra- og fræðslufund og hvernig sá fundur síaðist út í samfélagið á jákvæðan hátt. Þær töldu að með þessu hefðu þær komið samfélaginu til að hreyfast og opna á nýja hugsun, betra uppeldi. Þessi frásögn var sérlega lífleg og skemmtileg.

Öll erindi dagskrárinnar fengu góðar viðtökur og vöktu umræður.

MENNINGARFERÐ

Að henni lokinni var komið að menningarferðinni. Hún hófst á heimsókn í Víkingaheima. Þar beið okkur ljúf tónlist Kvinnakórs Keflavíkur, sem hafði komið sér fyrir í safninu og söng nokkur lög. Sérlega falleg umgjörð gerði sönginn enn fegurri og safnið allt vakti aðdáun og forvitni okkar. Þá var ekið um háskólasvæði Keilis en það var byggð ameríska hersins, sem smátt og smátt nýttist samfélaginu til þarfra hluta. Þaðan var haldið í Duus hús þar sem okkur var boðið að skoða bátasýningu Gríms Karlssonar (skipamódel) og listasýningu barna í leikskólum Reykjanesbæjar. Þetta hvort tveggja kom skemmtilega á óvart. Fyrir utan





var svo hægt að heimsækja skessu Herdísar Egilsdóttur í helli sínum og glerverkstæði. Þessi ferð var alveg sérlega skemmtileg og upplýfting hin mesta. Stjórnandi og leiðsögumaður var Valgerður Guðmundsdóttir menningarfulltrúi Reykjanesbæjar og Þeta-systir.

Hátíðarkvöldverðurinn sveik engan. Hann hófst með fordrykk í bókasafninu, sem er í sama húsi og hótelið. Suðurnesjakonurnar höfðu valið okkur hin bestu skemmtiatriði undir borðum, söng, dans og hvaðeina, bæði sem þær fluttu sjálfar eða ungir og efnilegir Reykjanesbúar.

Til að fullkomna allt saman gáfu þær okkur hverri og einni stórkostlega ljósmyndabók frá Reykjanesinu. Undir kvöldverðinum voru tvær systur, Sigríður Valgeirsdóttir og Pálína Jónsdóttir, heiðraðar fyrir frábært framlag sitt til menntamála í landinu og sleitulaust starf að því að bæta og efla samtökin okkar. Þær voru ávarpaðar (sjá ávörpin annars staðar í fréttabréfinu) og fengu sérsmíðaða glerblómavasa fulla af rauðum rósum og heiðursskjal frá samtökunum. Pálína ávarpaði samkomuna og þakkaði fyrir heiðurinn og Sigríður tók alla viðstadda og kenndi þeim þjóðdans. Þessar frísku konur voru greinilega ekki af baki dottnar og af þeim getum við sannarlega lært ýmislegt um lífsins galdra.

AÐALFUNDUR

Sunnudagurinn hófst samkvæmt venju með aðalfundi.

Ekki verða raktar skýrslur eða umræður fundarins hér, en ánægjulegt var að hlýða á systur, sem starfa nú í alþjóðlegum nefndum samtakanna: Sigrúnu Klöru Hannesdóttur, Alfadeild, sem situr í Editorial Board, Sigríði Ragnarsdóttur, Iotadeild, í Educational Excellence Committee, Sjöfn Sigurbjörnsdóttur, Alfadeild, í Leadership Development Committee og Herthu W. Jónsdóttur, Gammadeild í Membership




Committee. Ný stjórn hafði verið tilnefnd og var kosin einróma til að taka við taumunum 1. júlí n.k. Stjórnina skipa: Sigríður Ragna Sigurðardóttir í Alfadeild forseti, Brynhildur Anna Ragnarsdóttir í Etadeild 1. varaforseti, Steinunn Ármannsdóttir í Alfadeild 2. varaforseti, Stefanía Arnórsdóttir í Gammadeild ritari og Helga Guðmundsdóttir í Zetadeild meðstjórnandi.

Fráfarandi forseti, Ingibjörg Jónasdóttir ávarpaði fundinn og þakkaði öllum sérlega ánægjulegt samstarf s.l. tvö ár. Hún hefði kastað sér út í djúpu laugina fyrir tveimur árum og sæi ekki eftir því. Hún kvaddi nefndarformenn með eilífðarrós í barminn og óskaði samtökunum og nýrri stjórn alls góðs. Að lokum ávarpaði nýkjörinn forseti samkomuna og sagðist hlakka til að takast á við ný og krefjandi viðfangsefni fyrir samtökin. Það væri greinilega ekkert að óttast, en að hún reiddi sig á fráfarandi forseta, góða liðsheild og þann anda, sem einkenndi hópinn.

Að svo búnu var fundi slitið og hádegisverður snæddur. Að honum loknum var stuttur fundur framkvæmdaráðs með nýrri stjórn.

Jónína Eiríksdóttir, Deltadeild



Valgerður Magnúsdóttir, Kappadeild

Hvaðan kemur hamingjan og hvar býr hún?

Umræða um hamingjuna skýtur reglulega upp kollinum manna á meðal. Það eru gefnar út metsölubækur, haldin námskeið og gerðir sjónvarpsþættir. Við erum minnt á að við getum öðlast meiri hamingju með því að tileinka okkur jákvæðar hugsanir og hegða okkur á jákvæðan veg. Við Erasmus háskólann í Hollandi safna vísindamenn í gagnabanka heimsins um hamingjuna og fylgjast með hamingju þjóða. Um árabíl leiddu rannsóknirnar í ljós að Íslendingar voru hamingju-



samari en flestar aðrar þjóðir og komust jafnvel á toppinn. Hamingjufræðin segja okkur að hamingja sé sálrænt ástand sem einkennist af margvíslegum tilfinningum allt frá ánægju til mjög sterkar sælu. Margvíslegar aðferðir líffræði, sálfræði, trúarbragða og heimspeki hafa verið notaðar til að reyna að skilgreina hamingjuna og finna upptök hennar. Forngríkkir notuðu orðið *eudaimonia* yfir þetta ástand, en það þýðir í raun að mannfólk blómstri eða dafni.

Þegar þessar línur eru skrifaðar er ég nýkomin heim af landssambandsþingi Delta Kappa Gamma í Reykjanesbæ. Þema þingsins að þessu sinni var *Fagvitund í fyrir-rúmi* og þar kynntumst við ýmsu sem stuðlar að blómstrandi skólalastarfi. Við heyrðum um nýsköpunar- og frumkvöðlamennt þar sem nemendur læra hugsanagang og vinnubrögð uppfinningamanns. Einnig fengum við innsýn í hvernig nýsköpunar-mennt hefur verið notuð sem tæki til skilnings og athafna hjá nemendum grunn-, leik- og framhaldsskóla á Fljótsdalshéraði. Þar koma umhverfislæsi og staðarstolt einnig við sögu og tengjast skólarnir vinnustöðum og frumkvöðlum á svæðinu. Þessi nýju vinnubrögð hafa sýnt framúrskarandi sterkar hliðar hjá nemendum sem ekki hafa endilega sýnt þær á öðrum sviðum. Það minnir okkur á að því fleiri sem viðfangsefni og aðferðir eru þeim mun meiri líkur eru á að allir geti blómstrað eða dafnað. Ennfremur heyrðum við af því sem stjórnendur í litlum skóla á landsbyggðinni tóku upp á að gera til að hafa áhrif á samfélagið sem skólinn starfar í. Þær höfðu unnið með *Uppbyggingu sjálfsaga* innan skólans og sáu mjög miklar breytingar á færni barnanna í að ræða saman og leysa úr ágreiningi. Þá vildu þær færa umræðuna út í samfélagið og notuðu efnishlutann um foreldrafærni til þess á snjallan hátt.

Þessir ánægjulegu fyrirlestrar minna á hvernig við höfum allar áhrif með hegðun okkar og hugsun. Delta Kappa Gamma hreyfingin á mörg leiðarstef til að vísa okkur veg. Carolyn Rants minnti okkur á eitt þeirra, „Embracing our vision, defining our future“. Með því að vinna að hugsjónum okkar höfum við áhrif á það hvernig framtíðin verður. Hver og ein okkar leggur sitt lóð á vogarskál framtíðarinnar.

Í Keflavík tóku Þetasystur á móti okkur með glæsibrag. Þær bjuggu þinginu fallega

umgjörð, fræddu okkur um sveitarfélagið sitt, skemmtu okkur konunglega og leystu okkur svo út með gjöfum. Það var vor í lofti í Reykjanesbæ og undir leiðsögn gestgjafanna fengum við að sjá og heyra hversu fjölbreytt mannlífið er suður með sjó. Við vorum leiddar til fortíðar og sáum víkingaskipið Íslending, en á slíku skipi komu landnámsmennirnir forðum til Íslands frá Noregi. Í Duushúsum var svo sýningin *Himingeimurinn*, framlag leikskólabarna til Lista-sýningar barnanna 2011, heill heimur úr alls konar tilfallandi hráefni. Um kvöldið dönsuðu svo þrír leikskólastjórar fyrir okkur og sprelluðu svo hressilega að ég hlæ upphátt á meðan ég skrifa um það. Já, stelpur mínar. Hér að ofan er fátt eitt nefnt, en þið eruð allar svo sannarlega trúar rauða einkennislitnum okkar sem stendur fyrir andríki og sköpunargáfu. Upphaflega átti pistillinn minn að vera um það hvað við ættum enn um sárt að binda eftir hrunið og hvað við þyrftum að hlú vel að okkur sjálfum og hvert öðru. Að þinginu loknu sit ég með þá tilfinningu að okkur Íslendingum séu allir vegir færir. Ég vil ekki endilega segja að ég hafi farið suðureftir með bölmóð í brjósti, en ég kom allavega heim full af andríki og krafti.

Ég ætla ekki alveg að segja skilið við upphaflegt efni þessa pistils. Daglegu lífi á Íslandi í dag fylgir alls konar álag sem við vildum svo sannarlega vera án. Fjölmargir eiga um sárt að binda vegna þess glannaskapar og fáfræði sem ríkti í fjármálaheimi og víðar. Ég óska þess að við losnum út úr þessu sem fyrst en vonandi gleymum við orsökunum ekki of fljótt. Þótt hamingja Íslendinga mælist ef til vill ekki eins mikil nú og stundum áður þá reyndist vellíðan unglinga samt meiri eftir hrun heldur en fyrir. Það finnst mér segja okkur að efnisleg gæði eru ekki það sem skiptir þau mestu máli. Við kringumstæður eins og nú ríkja er mikilvægt að við sinnum okkur sjálfum af alúð. Þá má til dæmis beina sjónum að hlutverkum okkar á þrem aðalsviðum lífsins. Spyrja okkur hvernig okkur finnst málum vera hátað í fjölskyldunni, á vinnustaðnum og í frístundum meðal vina og hugðarefna. Hvort við sinnum fjölskyldunni okkar – og hún okkur – á þann veg sem við erum ásáttar við. Eða hvort við sjáum þar tækifæri til að gera betur og þá hvernig. Ef til vill viljum við leggja okkur fram við að gefa fjölskyldustundunum jákvæðara yfirbragð, efla okkur í starfi eða sækja okkur aukið þrek og ánægju í tómstundir. Þarna á líka við að grípa hugsjónirnar og móta framtíðina.

Einkunnarorð Kappadeildarinnar þennan veturinn hafa verið *Styrkjum sjálfrið - styrkjum vináttuna*. Þau eru okkur jákvæð ábending um hve mikilvægt það er að hlú að okkur sjálfum og jákvæðum tengslum okkar við hverja aðra. Og einkunnarorð samtakanna okkar, *vinátta, hjálpsemi* og *trúmennska* eru einnig dýrmæt leiðarstef í átt til hamingjunnar. Rætur hennar liggja alltaf innra með okkur, í hugsunum okkar og athöfnum.

Valgerður Magnúsdóttir, sálfræðingur.



Pálína Jónsdóttir heiðursfélagi Landssambands Delta Kappa Gamma á Íslandi 8. maí 2011

Pálína Jónsdóttir er fædd 28. júlí 1924 á Hesteyri í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Pálína Jónsdóttir er fyrrverandi framhaldsskólakennari og endurmenntunarstjóri Kennaraháskóla Íslands. Hún hefur því stutt margan kennarann sín fyrstu skref í starfi.

Okkar ástkæra Gammasystir er ein af okkar elstu og tyggustu félögum. Hún var stofnandi Gammadeildar 5. júní 1977 og fyrsti formaður deildarinnar. Hún tók við formennsku í annað sinn árið 1992. Pálína var forseti landssambands Delta Kappa Gamma á Íslandi 1979-1981 og í annað sinn 1985 – 1987. Í hennar forsetatíð var Frú Vigdís Finnbogadóttir gerð að heiðursféлага samtakanna á landssambandsþingi í Munaðarnesi vorið 1981.



Pálína hefur verið sérstaklega ötul að sækja fundi í sinni deild, setið allflest landssambandsþing, marga svæðisfundu í Norðaustursvæði Bandaríkjana og síðan í Evrópu, sem og alþjóðþing. Hún hefur sótt flesta viðburði sem DKG hefur komið að hér á landi og verið ötull málsvari samtakanna. Snemma til-einkaði hún sér þá hugsun að DKG konur segja ógjarnan „nei“ við beiðni um verk-efni innan samtakanna. Því hefur hún margsinis setið í stjórn Gammadeildarinnar og einnig í landssambandsstjórn. Hún hefur einnig setið í mörgum nefndum svo sem uppstillingarnefnd fyrir Gammadeild og fyrir landssambandsstjórn, útgáfunefnd, menntanefnd, undirbúningsnefndum fyrir þing og margoft verið í hópi þeirra sem krufðu ýmis málefni til mergjar, skrifuðu greinargerðir og sendu út í þjóðfélagið eins og DKG konur gerðu mikið af hér áður fyrr. Pálína er sérstaklega áhugasöm um menn og málefni og tekur þátt í umræðum, er vakandi og leiðir umræðuna inn á nýjar brautir og bendir á ný og áhugaverð atriði. Henni leiðist málþóf en vill skarpar og málefnalegar umræður. Kemur alltaf með kjarnann. Henni eru uppeldis- og barna-verndunarmál mjög hugleikin ásamt velferð fjölskyldunnar og þjóðarinnar allrar. Hún hefur skrifað um þessi mál og unnið að verkefnum með DKG.

Ennfremur er Pálína einstaklega dugleg við að „léttu loftið“ með því að brydda upp á gamanmálum. Vill hafa fjör og mikinn söng enda starfar hún enn í kvennakór og nýtur þess. Hún starfar að ýmsum málum sem bæta samfélagið og nægir að nefna óeigingjarnt starf hennar fyrir Rauða krossinn, en af mörgu er að taka.

Um leið og henni eru þökkuð störf í þágu fræðslumála og hin fjölmörgu störf í þágu Delta Kappa Gamma er gaman að geta þess að einkunarorð Delta Kappa Gamma, vinátta, trúmennska og hjálpssemi eiga einstaklega vel við um Pálínu okkar.

Landssambandsstjórn Delta Kappa Gamma hefur ákveðið að heiðra þig Pálína mín og þakka þér fyrir óeigingjarnt starf í þágu menntamála og samtaka DKG. Takk fyrir okkur, kæra Pálína.

Ingibjörg Jónasdóttir, forseti landssambands DKG 2009-2011.

Dr. Sigríður Valgeirsdóttir heiðursfélagi Landssambands Delta

Kappa Gamma á Íslandi 8. maí 2011

Sigríður Valgeirsdóttir er fædd 15. nóvember 1919 í Reykjavík.

Dr. Sigríður Valgeirsdóttir er fyrrverandi prófessor við Kennaraháskóla Íslands, sem nú heitir menntavísindasvið H.Í. Hún er ein af stofnendum Alfadeildarinnar, sem er fyrsta deild samtaka Delta Kappa Gamma á Íslandi. Deildin var stofnuð 7. nóvember 1975.

Sigríður var formaður Alfadeildar 1980-1982 og var forseti Landssambandsins 1989-1991. Í hennar stjórnartíð sem forseti var í fyrsta sinn gefinn út sameiginlegur nafnalisti deildanna, það var unnið að gerð reglugerðar við lög Landssambands og deilda, námsstyrkjagjald sem hafði áður runnið í félagssjóð lagt í sérstakan sjóð. Jafnframt stóð hún fyrir umræðum í deildum um málefni sem þá hvíldu þungt á skólafólki og hvíla enn eins og umræðan um einsetinn skóla, læsi og samvinnu skóla og foreldra.

Í stjórnartíð Sigríðar mynduðust sterk tengsl við landssambönd Evrópulanda. Hún varð fulltrúi Evrópu 1990-1992 í alþjóðastjórn DKG samtakanna og sat sem slík alla landssambandsfundi samtakanna í Evrópu. Þar var lagður grunnur að Evrópu-samstarfi DKG.

Auk þessara trúnaðarstarfa hefur Sigríður gegnt starfi lögsögumanns samtakanna og starfað með ýmsum nefndum og ráðum.

Sigríður hefur alla tíð verið virkur félagsmaður í Alfadeild og sjaldan vantað á fundi. Sem slík hefur hún verið ein þeirra sem hefur borið hitann og þungann af framgangi deildarinnar og samtakanna hér á landi og aukið orðspor okkar á erlendri grund.

Fyrir það hefur stjórn landssambands DKG ákveðið að heiðra Dr. Sigríði Valgeirsdóttur og ég sem fulltrúi Alfadeildar vil lýsa þakklæti okkar sem störfum með henni fyrir hennar framlag til okkar deildar. Einkunnarorð DKG, vinátta, trúmennska og hjálsemi eiga við þegar Dr. Sigríði er lýst.



Steinunn Ármannsdóttir, meðstjórnandi í landssambandsstjórn DKG 2009-2011.

Að njóta lífsins er að neyta kraftanna, sem oss eru léðir:
það er "lífsnautnin frjóa". -

Pórarinn Björnsson



Alfa Alfadeild

Það sem ber hæst í störfum Alfa deildar þetta starfsár er 35 ára afmæli deildarinnar í Þjóðmenningarhúsinu í byrjun nóvember þar sem öllum deildum DKG var boðið að samfagna með okkur og fylltum við gamla lestrarsalinn í Safnahúsinu við Hverfisgötu af konum úr flestum deildum samtakanna. Fundurinn var tileinkaður þeim tímamótum að 30 ár eru liðin frá því að frú Vigdís



Finnbogadóttir, heiðursfélagi Delta Kappa Gamma, var fyrst kjörin forseti. Umræðufnið á fundinum var málefni sem henni hefur lengi verið hugleikið en það er: börn og rökræður. Hreinn Pálsson, heimspekingur og prófstjóri við HÍ fjallaði um það hvernig best er að kenna börnum rökræður. Forseti Landssambandsins, Ingibjörg Jónasdóttir ávarpaði fundinn og færði deildinni hamingjuóskir í telfni þessara tímamóta. Þuríður Kristjánsdóttir fyrsti Landssambandsforsetinn óskaði deildinni til hamingju með afmælið og sagði frá stofnun fyrstu deildarinnar hér á landi og fyrstu starfsárunum og óskaði deildinni og samtökunum allra heilla í framtíðinni. Í lokin var svo borin fram hádegisverður og gafst afmælisgestum tækifæri á að taka upp létt spjall.

Fyrsti fundur vormisseris í janúar var í takt við fundarefni afmælisfundarins því hann var haldinn á Siðfræðistofnun Háskóla Íslands þar sem Salvör Nordal forstöðumaður stofnunarinnar tók á móti okkur og kynnti okkur þá starfsemi sem þar fer fram. Áhugaverðar umræður spunnust út frá þeim viðfangsefnum sem stofnunin fæst við. Siðfræðistofnun stendur fyrir heilmikilli útgáfu heimspekiritra og til hennar er leitað með ýmis álitafæni í samfélaginu og hún beðin um að gefa umsgagnir og veita faglega ráðgjöf eins og til að mynda um staðgöngumæðrun.

Fundurinn í marsmánuði var haldinn í Námsmatsstofnun þar sem við fengum kynningu á Pisa- rannsókninni. Almar Halldórsson, verkefnisstjóri stofnunarinnar hélt greinargott erindi um hvernig staðið er að þessari rannsókn og í hverju hún felst: PISA sameinar rannsóknir á tilteknum námsgreinum, s.s. náttúrufræði, stærðfræði og lesskilningi og upplýsingar um heimilisaðstæður nemenda, hvaða aðferðir þeir nota við námið, viðhorf þeirra til námsumhverfisins og tölvukunnáttu. Hann sýndi okkur ýmiss konar útreikninga á glærum og lýsti fyrir okkur á skemmtilegan hátt útkomu rannsóknarinnar í hinum löndunum.

Hann sagði að það væri ánægjulegt að útkoman nú sýndi að við værum að bæta okkur og nálgast fyrri styrk okkar í þessari könnun.

Þá upplýsti hann okkur um að þátttakan hafi aukist hér í Pisa en því má væntanlega þakka átaki sem menntaráð Reykjavíkur stóð fyrir til að auka áhuga nemenda á þátttöku í þessari rannsókn. Það er gaman að segja frá því að þessu starfi á Menntasviði Reykjavíkur stýrir einmitt Steinunn Ármansdóttir, varaformaður Alfa deildar.

Síðasti fundur þessa misseris var vorfagnaður á heimili Sigríðar Rögnu Sigurðardóttur í byrjun apríl. Sérstakir gestir voru kanadíski sendiherran á Íslandi, Alan Bon-

es og forseti Landssambandsins, Ingibjörg Jónasdóttir.

Kanadíski sendiherrann fræddi félagskonur um menntastefnu Kanada og svaraði fyrirspurnum. Hann sagði menntakerfið í Kanada vera dreifstýrt og fjármagnað svæðisbundið. Engu að síður er mikið samræmi í námskrám milli svæða. Ýmis umræðuefni voru tekin fyrir á grundvelli fjölbreyttra fyrirspurna félagskvenna. Sendiherrann svaraði greiðlega öllum spurningum, hvort heldur umræðan snerist um íslenska innflytjendur, menntun á dreifbýlum svæðum í norðri, árangur tiltekinna svæða, menntun fatlaðra og innflytjenda og síðast en ekki síst góðan árangur Kanadamanna í Pisa rannsókninni og kennaramenntun. Sendiherrann sagði að menntakerfi þeirra væri að mörgu leyti svipað og hér á landi en kennaranámið væri þrjú ár í Kanada.

Ingibjörg Jónasdóttir tók því næst til máls og hvatti konur til að sækja þing DKG á Íslandi í maí og Evrópuráðstefnuna sem haldin verður í Baden Baden.

Síðan gæddu fundargestir sér á góðum veitingum og fögnuðu vorkomunni.

Marta Guðjónsdóttir, formaður.



Bβ Betadeild

Betadeild er önnur elsta deild samtakanna á Íslandi en hún var stofnuð 2. júní 1977. Deildin er skipuð konum á Norðurlandi eystra. Flestar félagskonur eru búsettar á Akureyri en einnig eru konur frá Húsavík og úr Eyjafjarðarsveit. Í dag eru Betasystur 27 og hefur stefnan undanfarið verið að fá ungar konur til liðs við okkur. Í dag er aldursbil Betasystra nokkuð breitt en sú elsta er fædd árið 1929 en sú yngsta 1971. Betasystur hlúa hver að annarri og eru ætíð reiðubúnar að styðja hver aðra ef á þarf að halda.

Nýtt starfsár hófst með nýrri stjórn og var fyrsti fundur vetrarins haldinn í september á Möðruvöllum í Hörgárdal þar sem séra Sólveig Lára tók á móti okkur, gekk með okkur um svæðið og sagði okkur sögu kirkjunnar og staðarins. Þetta var afar fræðandi og margt sem við ekki vissum. Að þessu loknu fengum við inni með fundinn okkar í svokölluðu „Leikhúsi“ en það er nýuppgerpt leikfimiús á staðnum. Eftir það gæddum við okkur á dýrindis fiskisúpu og súkkulaðiköku á eftir sem staðarhaldarar sáu um. Á þeim fundi kom stjórnin með þá hugmynd að þema vetrarins yrði 6. markmið DKG sem er „að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni“ auk þess að horfa inn á við og efla félagsþroska.

Á októberfundinum sá stjórnin um fræðslu um DKG og urðu miklar og skemmtilegar umræður um starf samtakanna á alþjóðavísu og innanlands. Konur höfðu á orði að margt hafi komið þarna fram sem þær vissu ekki, sérstaklega þær konur sem hafa

verið styst í deildinni. Út frá þessu var svo ákveðið að vinna meira með það sem kom fram í umræðunum og ákveðið að gera það á febrúarfundinum.

Á jólafundinn að þessu sinni kom Anna María Sigurðardóttir sem búsett er í Hrísey og rifjaði upp spennandi ár úr barnæsku sinni en hún bjó á ýmsum framandi stöðum sem barn og unglingur. Hún sagði okkur frá því sem tengdist jólum í hennar uppeldi. Anna María bjó meðal annars á Mauritius, Malaví, Róm, Indónesíu og Flórída. Fjölskyldan hélt í íslenska jólasíði og venjur, hvort sem hún bjó heima eða erlendis en í þeim löndum sem Anna María bjó í bjuggu hindúar, múslimar og kristnir. Frásögn hennar vakti upp margar spurningar sem hún svaraði um hæl.

Bókafundurinn var að venju haldinn í heimahúsi í janúar. Þar ræddu konur bækur sem hafa haft áhrif á þær og þær mæla með fyrir aðrar konur að lesa. Ákveðið var að fyrir marsfundinn sem er árlegur leshringsfundur yrðu bækurnar Ljósá eftir Kristínu Steinsdóttur og bókin Morgnar í Jenín eftir Susan Abulhawa. Listi með bókum sem kynntar voru á fundinum er settur á síðu deildarinnar. Á þessum fundi voru samþykktir sex nýir félagar sem boðnir yrðu á næsta fund.

Í febrúar var framhaldsfundur frá október og þá var haldið áfram að vinna með hugmyndir okkar um DKG. Fundarkonur var skipt upp í nokkra hópa og settar upp spurningar sem hóparnir áttu að velja fyrir sér í sameiningu. Spurningarnar voru t.d. Hvaða væntingar höfum við til DKG í dag og hvað getum við lagt að mörkum til DKG? Fundarkonur voru sammála um að skemmtileg umræða hafi skapast. Gestur á þessum fundi var Ingibjörg Jónasdóttir Landssambandsforseti. Fyrirhugað er að nota niðurstöðurnar til að móta starfið næsta vetur.

Á öllum fundunum voru fastir liðir eins og happdrætti þar sem sá sem fær vinninginn kemur með næsta vinning. Veitingar og konur láta litla upphæð af hendi rakna í þeim tilgangi að safna fé til styrktar stúlkum í Afríku. Árlega er UNICEF færður sjóðurinn. Mæting Betakvenna á fundi í vetur hefur verið nokkuð góð eða milli 17 og 20 konur á hverjum fundi og þær sem náðu kosningu að hugsa sig um. Auk starfa fyrir deildina hafa Betasystur einnig tekið

virkan þátt í starfinu á landsvísu. Ingibjörg Auðunsdóttir starfar sem ritari landssambandsstjórnar og Anna Þóra Baldursdóttir starfar með stjórn sem fráfarandi landsambandsforseti og ekki má gleyma henni Eygló okkar sem er vefstjóri deildarinnar og gegnir jafnframt starfi sem vefstjóri landssambandsins og European Forum. Myndir frá starfi deildarinnar má finna á vef



deildarinnar. Þær Þórunn Bergsdóttir, Jónína Hauksdóttir og Guðrún H. Björnsdóttir sitja í fjárhagsnefnd.

Í apríl er fyrirhugað að fara saman á einhvern menningarviðburð og auk þess er Beta konum boðið á stofnfund nýrrar deildar á Norðurlandi.

Sú hefð hefur skapast að halda lokafundi deildarinnar, sem jafnframt eru aðalfundir, í heimahúsi. Ekki er búið að ákveða hvar hann verður í ár. Á lokafundum hefur skapast sú hefð að gera sér sérstaklega glaðan dag og borða saman hátíðarmáltíð.

Konur skipta með sér að koma með veitingar sem borðin svigna undan.

Ein Betasystir ákvað að yfirgefa deildina vegna anna.

Núverandi stjórn deildarinnar skipa þær: Þorgerður Sigurðardóttir formaður, Jónína Hauksdóttir varaformaður, Þórunn Bergsdóttir ritari, Hanna Salómonsdóttir meðstjórnandi og Sigrún Aðalgeirsdóttir gjaldkeri. Með stjórn hafur starfað fráfarandi formaður.

Fyrir hönd Betadeildar *Þorgerður Sigurðardóttir, formaður.*



Γ γ Gammadeild

Staða kvenna í ljósi efnahags-, samfélags- og stjórn mála var efst á baugi hjá Gammadeild veturinn 2010-2011.

Þema vetrarins er 7. markmið Alþjóðasamtakanna „að fræða konur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórn málum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.“

Á fundina fengum við fimm ótrúlega flottar og klárar konur. Þær höfðu frjálssar

hendur varðandi umfjöllunarefni en voru beðnar að koma með kvennavinkil á efnið eftir því sem tilefni gæfist. Eftir erindin sköpuðust frjóar og skemmtilegar umræður.

Valgerður Bjarnadóttir þingkona flutti fróðlegt erindi um ESB sem hún þekkir vel.

Hún bjó lengi í Brussel og tók m.a. þátt í samningum um viðbætur við EES-samninginn á árunum 1994-2001. Hún rakti sögu ESB og gerði grein fyrir umsóknarferli Íslands um aðild að því. Einnig sagði hún frá stöðu samninga-viðræðnanna og sagði að í samninganefndunum væri valinn maður í hverju rúmi.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir þingkona og fyrrverandi mennta- og menningarmálaráðherra, flutti erindið Staðan í samfélaginu – horft til kvenna. Þorgerður sér fyrir sér að konur geti breytt orðræðunni í stjórn málum ef þær taki sig saman, þær séu betur til þess fallnar en karlarnir. Sagði að vandinn væri sá að ef unnið væri í sátt og samlyndi hefðu fjölmiðlar ekki áhuga, þeir drægju fremur fram átök og ósamlyndi.

Þorgerður taldi að það væri gott fólk í öllum flokkum, stjórn málin breyttust ekki með nýju fólk heldur nýjum vinnubrögðum. Hún sá fyrir sér sérstakt hlutverk kvenna,



þær hefðu meira umburðarlyndi. Konur þyrftu að byrja á því að reyna að breyta orðræðunni og vinnubrögðunum í eigin flokkum og umfram allt, ekki láta strákana alltaf skrifa handritið.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fyrrverandi borgarstjóri, utanríkisráðherra og formaður Samfylkingarinnar nefndi erindi sitt Gildra ferðaveldisins. Hún sagði sterkan þráð í gegnum líf sitt vera staða kvenna og það misrétti sem þær væru beittar – í

gegnum Rauðsokkahreyfinguna, Kvennaframboð og -lista. Hún sagði mikilvægt að þekkja karlveldið og einkum gildir þess. Taldi að við stæðum á tímamótum í kerfi sem riði til falls. Það sé spurning hvort við ætlum að finna nýjar leiðir, eða gera allt áfram eins og áður.

Ríkjandi viðhorf, leikreglur og hugmyndaheimur eigi sér rætur í feðraveldinu – sem sé þúsundir ára gamalt. Löggiöf hafi afnumið hið formlega feðraveldi en það lifi samt góðu lífi. Allar stofnanir á öllum sviðum séu mótaðar af hinum gamla hugmyndaheimi feðraveldisins. Leiðin til valda sé viðsjárverð og vandrötuð. Konur verði að byggja á eigin styrk og flytja góð fjölskyldugildi inn í stjórn málin, samvinnu, næringu, frið og einlægni – tilfinningavit og siðvit.

Ragna Árnadóttir fyrrvarandi dóms- og kirkjumálaráðherra sagði frá reynslu sinni af því að vera kvenráðherra utan þings. Hún greindi meðal annars frá því hvernig viðhorf hennar til jafnréttisbaráttunnar breyttust. Sem ung kona sagðist hún hafa trú að því að jafnrétti ríkti milli kynjanna og umræðan höfðaði ekki til hennar. Henni fannst hún beinast of mikið að því að konur væru fórnarlömb. Nú sagðist hún sjá að þessi viðhorf hafi annað hvort verið uppreisn gegn móður sinni sem var kvenfrelsiskona eða að hún vildi alls ekki vera fórnarlamb. Hún vildi mennta sig, sjá fyrir sér sjálf, vera engum háð og ekki tilheyra hópi sem ætti bág. En svo kom hrúnið og þá fór hún fyrir alvöru að velta fyrir sér af hverju konur hefðu ekki haft meiri áhrif.

Það ýtti hressilega við henni þegar hún, sem dómsmálaráðherra, mætti í forsætisráðuneytið 2009 og það blasti við henni veggur með myndum af ríkisstjórnnum landsins, nánast eintómir karlar, ein og ein kona.

Steinunn Guðbjartsdóttir formaður slitastjórnar Glitnis sagði frá því sem er að gerast hjá hinum föllnu bönkum. Hún var í október 2008 skipuð í skilanefnd Glitnis af Fjármálaeftirlitinu og varð síðar formaður slitastjórnar bankans.

Hún greindi frá því að hjá slitastjórn og skilanefnd vinni um 50 manns auk erlendra ráðgjafa. Steinunn taldi að stærsti sigurinn í þessu ferli væri að tekist hafi að ná stjórn á ástandinu í byrjun, takist hafi að slökkva elda og halda áfram, svo og góð samskipti við kröfuhafana.

Auk ofangreindra fyrirlestra var, samkvæmt hefð, farið á listasafn á fyrsta haustfundinum og skoðuð sýning á Kjarvalsstöðum, Með viljann að vopni. Endurlit 1970-1980. Á henni voru verk 26 listakvenna frá áttunda áratugnum. Gerður G. Óskars-

dóttir leiddi hópinn um sýninguna og sagði frá listakonunum og verkum þeirra en hún hafði kynnst mörgum kvennanna. Eftir sýninguna var farið á Nemaforum, menningarhús í Slippsalnum við gömlu höfnina þar sem konur gæddu sér á Nemaforum laxakúlu og nutu samverunnar.

Á jólafundinn mætti Þórunn Erlu- Valdimarsdóttir rithöfundur og sagnfræðingur. Hún gaf út tvær bækur fyrir jólin, Dagur kvennanna sem Þórunn skrifaði í samvinnu við Megas og spennusöguna Mörg eru ljónsins eyru. Þórunn dró upp mynd af bakgrunni bókarinnar Mörg eru ljónsins eyru en efnið, afbrýðisemi, ástarþríhyrningur og heitar tilfinningar sækir hún í Laxdælu og færir það til nútímans.

Fráfall Eyglóar Eyjólfsdóttur og Maríu Kjeld setti svip sinn á starfið á haustönninni. Haldin var minningarstund um Eygló á októberfundinum þar sem Gerður G. Óskarsdóttir minntist hennar og um Maríu á desemberfundinum þar sem Vilborg Dagbjartsdóttir flutti minningarorð um Maríu.

Gammadeild er svo lánsöm að Þórunn Björnsdóttir er í deildinni. Í lok funda er sungið við undirleik hennar sem gefur ótrúlega mikla orku og gleði og er yndislegt að ljúka fundum með söng.

Að lokum langar mig að tilgreina afrek nokkurra Gammakvenna á árinu. Má þar nefna að í tilefni af áttarðisafmæli Vilborgar Dagbjartsdóttur gaf JPV útgáfan út ljóðabók hennar Síðdegi sem fékk mjög góða dóma, Rannveig Löve var sæmd riddarakrossinum og Ingibjörg Einarsdóttir á heiður skilinn fyrir að vera aðaldrifkrafturinn í því að stofna nýjar deildir um land allt.

Fyrir hönd stjórnar, *Kristín Jónsdóttir, formaður Gammadeilda*

Aðrir í stjórn eru: Helga G. Halldórsdóttir, varaformaður, Gerður G. Óskarsdóttir, ritari, Kristjana Stefánsdóttir, meðstjórnandi og Árný Elíasdóttir, gjaldkeri.



Þema Deltadeilda veturinn 2010-2011 er Fagvitund í fyrirrúmi, eins og Landsambandið gekk út frá á haustdögum.

Stjórn Delta deilda skipa : Formaður Elísabet Jóhannesdóttir, varaformaður

Þórunn Reykdal, ritari Halldóra Jónsdóttir, gjaldkeri Jensína Valdimarsdóttir og meðstjórnandi Theodóra Þorsteinsdóttir.

Fyrsti fundur deildarinnar var haldinn að Hvanneyri í lok september. Þar sagði Þórunn Reykdal varaformaður deildarinnar okkur frá Landbúnaðarháskóla Íslands og NOVA netverkefninu sem hún vinnur við. Einnig sagði Bjarni Guðmundsson okkur frá sögu skólans og staðarins.

Annar fundur vetrarins var haldinn í Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, þar sem Auður Hauksdóttir sagði okkur frá þessu merkilega verkefni, sem vakti mikla hrifningu Delta kvenna.



Þriðji fundurinn var svo jólafundurinn, sem var haldinn að Reykholti að vanda. Fundurinn var haldinn í Snorra stofu og var mjög hátíðlegur. Þar sagði Sigrún Jóhannesdóttir okkur frá lífshlaupi formæðra sinna undir liðnum Orð til umhugsunar og vakti erindi hennar mikla hrifningu. Jónína Eiríksdóttir sagði okkur frá starfi sínu í Snorrastofu. Að loknum fundi og léttum kvöldverði nutu Delta konur Kyrrðarstundar og aðventutónleika í Reykholtskirkju.

Fjórði fundur vetrarins var haldinn í Grundaskóla á Akranesi í lok janúar. Þar var Ásta Egilsdóttir Delta kona með kynningu á þróunarverkefnum grunnskólanna á Akranesi, Byrjendalæsi og Orð af orði. Síðan var létt spjall um bók Kristínar Steinsdóttur Ljósa, sem Halldóra Jónsdóttir ritari Delta deildar stjórnaði. Við ákváðum á haustdögum að Halldóra veldi eina jólabók sem við læsum fyrir janúarfundinn og valdi Halldóra Ljósu. Mjög skemmtilegar umræðum spunnust um þessa mjög svo ágætu bók. Góð mæting var á þennan fund eða 22, en Delta konur eru 27.

Fimmti fundur Delta deildar var svo haldinn í Ensku húsunum við Langá á Mýrum, þar sem staðarhaldari sagði okkur frá sögu húsanna. Kristín R. Thorlacíus var með Orð til umhugsunar og sagði okkur frá lífi formæðra sinna, fróðlegt og skemmtilegt. Að fundi loknum var okkur boðið að skoða húsín áður en við fengum súpu og salat. Vorfundurinn er áætlaður í lok maí eða byrjun júní og er stefnan tekin á Snæfellsnesið.

Happadrættið okkar er alltaf á sínum stað og gefur deildinni smá pening til að nýta í okkar starf. Einnig höfum við safnað pening á fundum, til hjálparstarfs Unicef Schools for Africa.

Von mín er að einhverjar Delta konur sjái sér fært að mæta á vorþingið, í byrjun maí. *Elísabet Jóhannesdóttir, formaður*



ΕΕ Epsilondeild

Pema Epsilon deildar er „að halda hópinn og þétta hann“. Við höfum haldið fundi í skólum á okkar svæði og skoðað vinnustaði hjá hver annari. Á fyrsta fundi vetrarins hélt Bolette Höeg Koch fyrirlestur um masterverkefni sitt, Náttúrufræðikennsla í Þjórsárskóla en þar var fundurinn haldinn. Næsti fundur var í Grunnskólanum Ljósaborg í Grímsnesi. Hilmar Björgvinsson, skólastjóri, sýndi



okkur skólann og kennarar sögðu frá starfinu og nýju námsmáti. Sá þriðji var haldinn í janúar í Flúðaskóla. Þar var rætt um nýútkomnar bækur. Fjórti fundurinn var á Stokkseyri og skoðuðum við nýtt skólahúsnæði Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri. Arndís Harpa Einarsdóttir, skólastjóri, sýndi okkur skólann. Fimmti og síðasti fundur vetrarins verður í Hveragerði 21. maí. Guðrún Þóranna Jónsdóttir verður fyrirlesari og Gammadeild kemur í heimsókn. Stjórn Epsilondeildar skipa: *Bolette Höeg Koch formaður*, Björg Björnsdóttir varaformaður, Elín Hannibalsdóttir ritari og Eydís Katla Guðmundsdóttir gjaldkeri.

Zζ Zetadeild

Pema vetrarins 2010-2011 var Fagvitund í fyrirrúmi; að stuðla að því að fundir deildarinnar séu vettvangur kvenna til að miðla af þekkingu og reynslu sinni. Fyrsti fundur var í október í aflögðum sveitaraskóla Staðarborg í Breiðdalsvík. Hrefna Egilsdóttir formaður deildarinnar flutti erindi um fagvitund. Annar fundur átti að verða í nóvember á Kaffi Sumarlínu á Fáskrúðsfirði með erindi séra Jónu Kristínu Þorvaldsdóttur um gildi sjálfspemkingar. Fundurinn var afboðaður vegna veðurs. Þriðji fundur vetrarins var haldinn í desember á Hótel Hallormsstaður í Hallormsstaðaskógi. Tveir frumkvöðlar á Hallormsstað, Bergún Arna Þorsteinsdóttir og Guðný Vésteinsdóttir voru gestir fundarins kynntu þróunarverkefni sitt Holt og hæðir. Fjórti fundur var haldinn í mars á Gistihúsinu Egilsstöðum. Þrjú gestir sóttu fundinn, Ingibjörg Jónasdóttir landssambandsformaður hvatti félagskonur til dáða, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir var með fyrirlestur um Heilsueflandi skóla og Lára Vilbergisdóttir með kynningu á þróunarverkefninu Þorpið. Fimmti fundur var haldinn á Mjóeyri Eskifirði. Kristjana Guðmundsdóttir nýútskrifaður sérkennari á Eskifirði var gestur fundarins og hélt erindi um fagvitund og fagmennsku í kennslu. Sjötti og síðasti fundur vetrarins er áætlaður í apríl.

Hrefna Egilsdóttir, formaður.

Hn Etadeild

Fyrirkomulag starfsins í deildinni þetta starfsárið hefur verið í anda þess sem var á kjörtímabili síðustu stjórnar. Alls voru haldnir sex fundir og deildarsystur skiptust í fjóra hópa sem hver sá um að skipuleggja og halda utan um einn fund í samráði við stjórn deildarinnar. Hefð er fyrir því að fyrsti og síðasti fundur starfsárs sé alfarið í höndum stjórnar. Áfram unnu hópar eftir markmiðunum: Að hafa forystu í faglegru



umræðu, Að efla innbyrðis tengsl deildarsystra og Að auka samstarf við konur úr öðrum deildum. Við höfum einnig haft það að markmiði að velja verkefni utan deildar til að vinna að og erum ekki búnar að slíta tengslin við Heilahristing. En nú höfum við fundið þessu markmiði áþreifanlegri farveg og ætlum að leggja okkar af mörkum til verkefnisins Schools for Africa. Ingibjörg Jónasdóttir var gestur okkar á fyrsta fundi starfsársins og fræddi okkur um gildi þess að vera í alþjóðasamtökum DKG, benti á þá möguleika sem byðust og hvatti til virkrar þátttöku. Við höfum leitast við að rækta okkar innri tengsl með ýmsu móti og áttum saman góða stund á aðventu þar sem við nutum hefðbundinna jólaveitinga matreiðslumeistaranna í Menntaskólanum í Kópavogi. Sú tilraun okkar að efna til samkomu með öðrum deildum í mars tókst með miklum ágætum. Þar fléttadist saman fróðleikur, orð til umhugsunar, glens og gaman. Frásögn af samkomunni ásamt myndum má finna á heimasíðu landssambandsins.

Þegar lítið er yfir starfsárið í heild voru menntamálin í brennidepli. Á fundi í nóvember var gestur okkar Jón Torfi Jónasson forseti menntavísindasviðs HÍ og flutti hann erindi um framtíðarsýn í menntamálum þar sem hann reifaði ýmsar athyglisverðar hugmyndir. Það er skemmt frá því að segja að erindi hans vakti mikil og góð viðbrögð. Á febrúarfundinum tókum við upp þráðinn og spunnum út frá erindi Jóns Torfa. Enn var haldið áfram að ræða málin á svipuðum nótum á síðasta fundi starfsársins 12. apríl, m.a. þá spurningu hvernig skólakerfið getur stuðlað að bættum samskiptum, siðgæði og samkennd þessar umræður hafa verið frjóar og skemmtilegar og hafa þjappað okkur saman.

Við höfum verið að vinna að því að fjölga í deildinni og á fundinum 12. apríl voru teknar inn tvær nýjar félagskonur og nú erum við 28 talsins. Við stefnum að frekari fjölgun á næsta ári.

Núverandi stjórn: *Auður Torfadóttir formaður*, Anna Magnea Hreinsdóttir varaformaður, Kristín Steinarsdóttir meðstjórnandi og vefstjóri, Ólöf Helga Þór gjaldkeri og Þórunn Blöndal ritari

⊕⊕ Þetadeild

Í stjórn eru Guðbjörg M. Sveinsdóttir formaður, Inga María Ingvarsdóttir ritari, Bryndís Guðmundsdóttir og Brynja Aðalbergisdóttir meðstjórnendur. Hulda Björk Þorkelsdóttir er gjaldkeri og hún hefur einnig séð um að setja fréttir og fundargerðir inn á okkar svæði á heimasíðu samtakanna dkg.muna.is



Nýir félagar, Þorbjörg, Brynja, Geirprúður, Ása.

Þema vetrarins var LESTUR/LÆSI í víðustu merkingu þessara orða. Ákv-

ðið var að skoða hvað verið er að gera varðandi lestur og læsi á hinum ýmsu sviðum, bæði í skólum, bókasöfnum, söfnum o.fl. Okkur fannst þetta vel við hæfi þar sem áhersla hefur verið mikil á lestur í okkar samfélagi undanfarin ár.

Fyrsti fundur var haldinn 29.sept. í Leikskólanum Vesturbergi. Brynja Aðalbergisdóttir leikskólustjóri tók á móti okkur og sýndi okkur húsakost og sagði frá starfi skólans. Árdís Jónsdóttir leikskólakennari sagði frá verkefninu Orðaspjall sem er þróunarverkefni í Tjarnarseli.

Næsti fundur var haldinn í Holtaskóla þar sem Guðbjörg Þórisdóttir, lestrarfræðingur sagði frá verkefni sem hún hefur stjórnað og er ætlað að efla lestrarfærni og lesskilning ungra grunnskólabarna. Á þessum fundi voru fjórar konur teknar inn í deildina. Á jólafundinum bauð stjórnin upp á jólahlaðborð. Mæðgurnar Marta Alda og Aleksandra Pitak kom og spiluðu jólalög. Dóttirin spilaði á fiðlu og móðirin spilaði undir á gítar. Hún spilaði einnig undir söng félagskvenna. Bryndís Jóna Magnúsdóttir rithöfundur og grunnskólakennari kom í heimsókn og sagði frá því hvernig er að vera rithöfundur. Hún las einnig upp úr nýjustu bók sinni Stelpurokk.

Janúarfundurinn var hefðbundinn bókafundur sem haldinn var á bókasafninu.

Í febrúar tóku félagskonur úr Fjölbrautaskóla Suðurnesja á móti okkur. Þær Ása Einarsdóttir, Elín Rut Jónsdóttir, Þorbjörg Garðarsdóttir og Þórunn Friðriksdóttir sögðu okkur frá því nýjasta í námsframboði hjá FS. Þær sögðu einnig frá og sýndu okkur það nýjasta sem þær eru að nýta sér í tölvutækni til að koma til móts við hinar ýmsu þarfir nemenda. Einnig sýndu þær okkur hina ýmsu möguleika á heimasíðu skólans en henni er hægt að breyta þannig að hún henti lesblindum s.s. með breyttum litum og leturgerð.

Í mars tók Oddný G. Harðardóttir alþingismaður og Þetasystir á móti okkur í Alþingi þar sem við hlustuðum á sögu hússins. Síðan fórum við yfir í húsnæði Fjárlaganefndar en Oddný er formaður hennar. Þar sagði Oddný okkur frá störfum þingmanna, hvernig hún upplifir þetta starf og í hverju hennar daglegu störf felast. Ekki var haldinn fundur í apríl svo næst hittast Þetakonur á Landssambandsþinginu sem við höfum verið að undirbúa í vetur. Næsta vetur er ætlunin að halda áfram með þemað lestur og læsi. Þá ætla Þetasystur m.a. að kynnast talnalæsi, nótalæsi og hvernig lesa má og túlka listaverk. *Guðbjörg Sveinsdóttir, formaður.*

I I Iotadeild

Einkunnarorð Iotadeildar í vetur er “skapandi starf í skólum”. Allir fundir nema marsfundur voru haldnir á heimilum DKG kvenna. Fyrsti fundur 27. september var þó tileinkaður nýopnuðum Óshlíðargöngum en við sáum sögusýningu um Óshlíð og heimildasýningu um göngin í Náttúrugripasafninu í Bolungarvík og síðan fund í heimahúsi. Annar fundur var haldinn 28. október þar sem við heimsóttum Leiklistarskóla Kómedíuleikhússins. Á þriðja fundi 29. nóvember sköpuðum við fallega jólafransa í upphafi aðventu í bílskúr einum og héldum fund að því loknu. 24. janúar var bókafundur. 28. febrúar heimsóttum við grunnskólann í Súðavík og fræddumst um öflugt tónlistarnám þar. Á marsfundinum heimsóttum við Listaskóla Rögnvaldar og fræddumst balletkennslu en héldum fundinn okkar í hliðarsal. Í maí er síðan vorfundur. *Soffía Vagnsdóttir, formaður.*

K K Kappadeild



Í Kappadeild starfsárið 2010 til 2011 eru 20 konur. Stjórn félagsins skipa: Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður, Sigríður Johnsen varaformaður, Erla Gunnarsdóttir gjaldkeri, Erla Guðjónsdóttir ritari og Gunnlaug Hartmannsdóttir sem hefur umsjón með heimasíðunni. Marsibil Ólafsdóttir fyrrverandi formaður situr einnig stjórnarfundu.

Fyrsti fundur vetrarins var haldinn í veitingahúsinu Nauthól mánudaginn

27. september 2010. Við hófum vetrarstarfið með göngu um Öskjuhlíðina. Gangan var bæði hressandi fyrir líkama og sál, enda vorum við óspart minntar á að muna eftir að horfa í kringum okkur og njóta umhverfisins á göngunni.

Þema vetrarins 2010 til 2011 er: Styrkjum sjálfið, styrkjum vináttuna. Orð til umhugsunar þetta kvöld voru í höndum Sigríður Hulda Jónsdóttur formanns. Hún lagði út frá þema vetrarins og fjallaði um hversu mikilvægt það væri að hafa faðminn opinn með sól og birtu í sinni. Við þyrftum að finna eldinn sem við göngum með í hjartanu, hlú að honum og gæta þess að hann kulni ekki. Mikilvægt væri að við gerðum okkur grein fyrir því hvernig við verðum tíma okkar, hvað af því sem við erum að gera styrkir og hvað ekki. Síðasti hluti dagskrárinnar var fólgin í því að Kappasystur sögðu frá sjálfum sér, styrkleikum sínum og því sem þær væru að fást við nú og hefðu fengist við um ævina. Í þeim frásögnum komu fram eiginleikar eins og hjálpsemi, æðruleysi, tilfinningalegt jafnvægi, skopskyn, áreiðanleiki, að kunna að

gleðjast með öðrum, að hugsa í lausnum, mikilvægi þess að leggja til hliðar það sem angrar. Ábyrgð og samvirksemi voru atriði sem einnig komu fram og þess þurfi að gæta að allir góðir styrkleikar geta snúist upp í andhverfu sína.

Annar fundur vetrarins var haldinn miðvikudaginn 27. október í Menntaskólanum Hraðbraut. Sigríður Þrúður Stefánsdóttir Kappassystir og aðstoðarskólameistari skólans sagði frá starfsemi hans og sýndi okkur húsakynninn. Valgerður Magnúsdóttir, sálfræðingur og Kappasystir flutti síðan fyrirlestur um hvernig við styrkjum sjálfið, hvernig við hlúum að því í ólgusjó hins daglega lífs. Hún minnti okkur á að klassísk og góð gildi lifi nú sem aldrei fyrr. Við þurfum að spyrja okkur í hvaða sæti við erum í lífinu og hvernig okkur líður í raun. Kjarninn er: Heppinn er sá er við hug sinn ræður. Því allt á sér uppsprettu í hugsuninni.

Þriðji fundur starfsársins 2010-2011, jólafundurinn, var haldinn fimmtudaginn 25. nóvember að heimili Guðrúnar Eddu Bentsdóttur. Formaður las kveðju frá Herthu W. Jónsdóttur. Hún hvetur Kappasystur til öflugra starfa og segir síðan frá ráðstefnu sem hún fór á í höfuðstöðvum samtakanna í Bandaríkjunum haustið 2010. Hún minnr á Landsambandsþing DKG sem haldið verður í Reykjanesbæi í maí 2011. Hún óskar deildinni alls góðs og býður fram aðstoð sína í starfinu. Leynigestur kvöldsins var Guðrún Ögmundsdóttir fyrrverandi alþingiskona og félagsráðgjafi. Guðrún las valda kafla úr nýútkominni ævisögu sinni og síðan var spjallað og spurt. Guðrún kvaddi okkur með þeim orðum að við skyldum halda áfram að segja hver annarri sögur sem við auðvitað gerðum og skemmtum okkur vel við það.

Fjórdi fundur starfsársins 2010 til 2011 í Kappadeild var haldinn miðvikudaginn 16. febrúar á heimili Valgerðar Magnúsdóttur. Þetta var árlegur bókafundur Kappadeildar. Þrjár konur kynntu höfunda og bækur sem þær hafa hrifist af. Fjallað var um Svövu Jakobsdóttur, Doris Lessing, Gunnar Eyjólfsson og Kristínu Jónsdóttur á Hlíð í Lóni. Rætt var um höfundana, bækur þeirra og lesið upp.

Fimmti fundur starfsársins var Áshátíð DKG samtakanna sem haldin var á veitingastaðnum Nauthól föstudaginn 18. mars kl. 20.00. Mættu þar nokkrar konur úr Kappadeild og nutu þess að kynna og eiga góða kvöldstund með konum úr öðrum deildum. Samróma álit var að það væri vel til fundið að halda slíkan sameiginlegan fund fyrir deildirnar á höfuðborgarsvæðinu.

Sjötti og síðasti fundur starfsársins er fimmtudaginn 26. maí að Kríunesi við Elliðavatn. Hefst hann á göngu við vatnið undir stjórn Erlu Gunnarsdóttur. Síðan er snædd sameiginleg grill máltíð og gengið til fundarstarfa. Að fundi loknum ganga konur glaðar út í sumarið og hlakka til að hittast á komandi hausti. Inntaka nýrra kvenna rædd, en Kappadeildin stefnir á að taka inn 7 nýjar konur í deildina á fyrsta fundi haustið 2011. *Sigríður Hulda, formaður.*

Ef eitt orð nægir ekki, koma tíuþúsund ekki að gagni.

Kínverskur málsháttur

λλ Lambdadeild

Lambdadeild var stofnuð haustið 2010. Stjórn deildarinnar er svo skipuð: Iðunn Antonsdóttir, formaður, Ingibjörg Ásgeirsdóttir varaformaður, Ólöf Sigurðardóttir ritari, Rannveig Hafberg meðstjórnandi, sem einnig er vefstjóri deildarinnar. Með stjórn starfar Valgerður Janusdóttir gjaldkeri. Í deildinni eru 25 konur.

Yfirskrift vetrarstarfsins var ákveðið „Líf og list“. Haldnir hafa verið sex fundir, lokafundur verður 19. maí, n.k. Áhersla hefur verið lögð á að fundir væru í senn hefðbundnir og fjölbreyttir.

Sigrún Jóhannesdóttir hefur leiðbeint stjórnarkonum fyrstu skrefin í starfinu.

Iðunn Antonsd. formaður



Mμ Mýdeild

Ný deild, Mýdeild var stofnuð á Norðurlandi 26. apríl síðastliðinn, nánar tiltekið í Þelamerkurskóla. Ingileif Ástvaldsdóttir skólustjóri tók á móti formanni útbreiðslunefndar, Ingibjörgu Einarsdóttur og forseta landssambandsins Ingibjörgu Jónasdóttur klukkan rúmlega sex og með atþstoð Ingibjargar Auðunsdóttur var matsal skólans breytt í hátíðarsal. Ingibjörg Einarsdóttir kom klifjuð rauðum rósum sem hún hafði keypt nálægt sumarbústað sínum austur í sveitum. Upp úr kl. 19:00 fóru konur að streyma að og athöfnin hófst svo 19.30. María Steingrímisdóttir úr Betadeild flutti orð til umhugsunar og ræddi sérstaklega um vináttuna, sem var vel við hæfi á þessum fundi.

Mýdeild var síðan stofnuð, með 28 glæsilegum ungum konum á öllum aldri og það var einstaklega gaman að horfa yfir salinn og sjá gleði og eftirvæntingu í augum þessara góðu fagkvenna. Að lokinni inntökuathöfninni voru sungin nokkur lög og Eygló Björnsdóttir frá Betadeild ávarpaði nýju deildina og færði þeim gestabók frá Betadeild, en 11 konur úr Betadeild mættu á fundinn.

Eftir kaffihlé flutti Rósa Kristín Júlíusdóttir erindi um listir og kennslu listgreina. Að lokum var svo kosin ný stjórn og er nýr formaður Jenný Gunnbjörnsdóttir, sérfræðingur við HA. Hún ávarpaði sína deild og sagðist hlakka til að halda utan um hópinn "sem umsjónarkennari" en þegar hún hefði verið umsjónarkennari hér áður fyrr hefði

hún alltaf verið jafn hissa á því að hennar bekkur hefði alltaf verið bestur og þannig yrði það örugglega með þessa deild. Það var gerður góður rómur að þessum orðum. Að lokum ávarpaði forseti landssambandsins, Ingibjörg Jónasdóttir deildina. Hún bauð þær velkomnar inn í samtökin og minnti þær á að þær væru komnar inn í stórt tengslanet.

Mý deildin mun halda einn fund í vor og hefja svo vetrarstarfið næsta haust af fullum krafti.

Það er mikil vinna að stofna nýja deild, en einnig mikil vinna að halda við lifandi starfi í deildum. Þar reynir á samheldni og stjórnun. *(Tekið af vef samtakanna, vorið 2011: dkg.muna.is)*

Skipting starfa:

Formaður: *Jenný Gunnbjörnsdóttir*, sérfræðingur á Miðstöð skólaþróunar HA, varaformaður: *Anna Guðmundsdóttir*, aðstoðarskólastjóri, Hrafnagilsskóla, meðstjórnandi: *Ingileif Ástvaldsdóttir*, skólastjóri Þelamerkurskóla, ritari: *Guðný Ólafsdóttir*, grunnskólakennari Dalvík, gjaldkeri: *Jakobína Elín Áskelsdóttir*, leikskólastjóri Akureyri





Markmið samtakanna

Að efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum/
fræðslustörfum víðsvegar í heiminum.

Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á
einhverju sviði menntamála/fræðslumála eða eru að vinna markverð
störf í þágu þeirra.

Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.

Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar við-
leitni til umbóta í menntamálum almennt og fyrir konur í fræðslu-
störfum.

Að veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til
framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í fræðslustörfum utan
samtakanna.

Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja
þær til virkni.

Að fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahags-
málum, félagsmálum, stjórnmálum og menntamálum og stuðla með
því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóð-
anna.

Sá sem fyllir höfuð sitt með annarra orðum
finnur engan stað til að láta sín eigin.

Arabiskur málsháttur





Sigrún Jóhannesdóttir, Deltadeild

Ný viðhorf um nám og menntun fullorðinna

Í alþjóðlegri umræðu um viðhorf og stefnumótun í full-orðinsfræðslu kemur víða fram að nú séu tímar afgerandi breytinga. Breytingarnar felast í ýmsu en kannski fyrst og fremst í opnari viðhorfum til fjölbreytilegrar menntunar og því hvað felst í hugtakinu menntun. Einnig er nú vaxandi skilningu á mikilvægi þess að allir nái grunnleikni í lestri, ritun, tjáningu, talnameðferð og upplýsingatækni sem er undirstaða atvinnuþátttöku og ævináms.

Margt er það sem nú stuðlar að þessum breyttu viðhorfum. Fyrst og fremst eru það þær miklu breytingar sem eru að verða á lífsstíl og samskipta- og atvinnuháttum í flestum samfélögum í kjölfar aukinnar tækni og alþjóðlegrar samvinnu. Það er líka ljóst að efnahagsþrengingar með miklu atvinnuleysi hafi gert okkur betur ljóst mikilvægi fjölbættra menntunarleiða og úrræða fyrir einstaklinginn og atvinnumöguleika hans. En það er ekki bara einstaklingar sem hafa ávinning af breyttum viðhorfum, allt samfélagið hagnast. Menntun hefur afgerandi áhrif á þjóðarhag. Hér verða tekin örfá dæmi um breytt viðhorf og áherslur.

Fjölbreytt tækifæri til fjölbreyttrar menntunar

Það er nú viðurkennt að nám fer fram án þess að vera endilega bundið tíma og rúmi og það heldur áfram alla ævi. Formlegar menntastofnanir eru því ekki eina uppspretta menntunar. Samskiptatæknin hefur heldur betur leitt þetta í ljós, fjarnámstækni og samskiptavefir eru notaðir bæði til formlegs og óformlegs náms í vaxandi mæli. Tækifærin eru óþrjótandi og alls staðar fyrir þá sem vilja auka þekkingu sína og færni og árangurinn byggist á hæfileikum og menntunargrunni einstaklinga til að notfæra sér þau. Fólk sem nýtir t.d. „Facebook“ til samskipta og til að afla sér upplýsinga og fræðast skiptir milljónahundruðum um allan heim, á öllum aldri, á öllum tímum sólarhrings! Sama má segja um myndvefinn „Youtube“ þar sem framboðið á stuttum fræðslu- og kennslumyndböndum er takmarkalítið svo kunnugleg dæmi séu tekin. Fólk á öllum aldri nýtir sér slíkar tæknivæddar aðferðir til þekkingaröflunar og við eignum trúlega eftir að verða vitni að miklli þróun í því á næstu árum.

Mæt á raunfærni einstaklinga

Mörkin milli formlegrar menntunar í skóla og margs konar óformlegrar menntunar eru því að verða mun óljósari en áður. Þar af leiðir þörf fyrir nýjar aðferðir til að votta þekkingu og færni einstaklinga þannig að hún nýtist betur bæði einstaklingi og samfélagi. Dæmi um það eru þær aðferðir sem nú er verið að þróa víða til að leiða í ljós og meta raunfærni einstaklinga, burtséð frá hvar/hvernig/hvenær hennar var aflað, og jafngilda hana formlegum kröfum skólakerfis. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vinnur stöðugt að mótun aðferða til að meta raunfærni og hafa nú þegar fjölmargir einstaklingar notið góðs af þeirri vinnu.

Gegnsæi og yfirfærslugildi menntunar

Alþjóðleg samskipti og samvinna skapar þörf fyrir meira gegnsæi og skýrari viðmið um yfirfærslugildi menntunar bæði innan samfélags og milli samfélaga. Víða um lönd er unnið að því með skýrari uppbyggingu á námstilboðum þar sem námið er byggt upp í sambærilegum þrepum á sviði þekkingar, leikni og hæfni og lýst með mælanlegum viðmiðum um hvað nemandinn getur gert í lok námstímabils. Dæmi um það er evrópski viðmiðaramminn (EQF) sem er tæki til að auka gegnsæi og auðvelda yfirfærslu milli mismunandi menntakerfa innan evrópska efnahagssvæðisins. Fræðslumiðstöð atvinnulífsis vinnur nú að því að þróa námskrár í samræmi við fyrrgreind viðmið.

Grunnleikni

Þjóðfélagsþróunin leiðir það af sér að lágmarkskröfur til einstaklinga um lífsleikni og starfsfærni verða stöðugt meiri í takt við öra tækniþróun og samfélagsbreytingar. Til að viðhalda starfsfærni þarf fólk jafnt og þétt að endurnýja færni sína og þekkingu. Fjölmargar rannsóknir, bæði erlendar og innlendar, sýna okkur hins vegar að þeir sem síst sækja í símenntun og endurmenntun eru jafnframt fjölmennastir í hópi atvinnulausra og þeirra sem eiga í erfiðleikum með að virka í samfélaginu. Þetta þýðir að bilið milli þeirra sem hafa gilda náms- og starfsfærni hverju sinni og hinna sem ekki ná því er stöðugt að aukast. Þessi staðreynd veldur því að nú beinist athygli stjórnvalda víða um heim að því að sem flestir nái þeirri undirstöðu náms- og starfsfærni að geta séð fyrir sér og lifað eðlilegu sjálfbæru lífi. Um þessa undirstöðu hefur verið notað hugtakið „grunnleikni“ (e. basic skills) og það verið skilgreint sem ákveðin undirstöðuleikni sem allir verða að hafa til að eiga möguleika á að menntast og þróast með breytingum í samfélaginu.

Með grunnleikni er átt við að geta lesið, ritað, tjáð, átt samskipti, unnið með tölur og stærðir og nýtt sér stafræna upplýsingatækni samkvæmt nánari skilgreiningum um þrepaskipt nám. Þeir sem koma út úr skólakerfinu án þess að hafa náð tókum á grunnleikni eiga á hættu að lenda í hópi þeirra einstaklinga sem eiga erfitt með að fóta sig á hinum sífellt flóknari vinnumarkaði þar sem sífellt fækkar þeim störfum sem hægt er að vinna án grunnleikni. Sú staðreynd að læsi og önnur grunnleikni getur haft afgerandi áhrif á efnahag, heilsufar og velferð þjóðfélagsins alls hefur leitt til þess að nú er í alþjóðlegri stefnumótun lagt aukið kapp á að sem flestir nái grunnleikni. En það er líka mikið í húfi fyrir einstaklinga og í raun óásætlanlegt ef menntakerfið nær ekki að veita stórum hópi þá grunnleikni sem er forsenda fyrir farsælu lífi í nútímasamfélagi.

Allir geta lært og í dag er völ á kennslufræðilegri þekkingu og fjölbreyttum tækjum sem getur auðveldað þessum hópi að ná grunnleikni til árangursríks náms. Í nýlegri skýrslu frá Unesco, Global Report on Adult Learning and Education, kemur fram að mjög víða er verið að vinna að þessum málum í gegnum ýmis konar fullorðinsfræðsluúrræði. Þar er talað um “vonda málið” sem er sú staðreynd að þeir sem minnsta menntun hafa sækja minnst í endurmenntun og fá minnst. Einnig er í skýrslunni fjallað töluvert um gæði í menntun fullorðinna og bent á að menntun og þekking kennara og leiðbeinenda ásamt hvetjandi umhverfi og aðstæðum sé einn af afgerandi þáttum árangurs í náminu. Það leiðir hugann að mikilvægi þess að sinna vel símenntun þeirra sem sjá um fræðsluna.

Íslenskar aðstæður

Við Íslendingar stærum okkur af góðri almennri menntun og almennu læsi en ætla má að hlutfall fullorðinna á vinnumarkaði sem skortir grunnleikni vegna læsisvanda eða annarra þátta sé svipað og í þeim löndum sem við berum okkur mest saman við. Það er því full þörf á úrræðum innan fullorðinsfræðslunnar.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er meðal annars ætlað að sinna þeim hópi fullorðinna sem ekki hefur komið með nægilega grunnleikni út úr skólakerfinu og bæta skilyrði hans til náms og starfs í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar. Í því skyni hafa verið þróaðar og gefnar út sérstakar læsisnámskrár, Aftur í nám og Skref til sjálfshjálpar, til að þjálfa læsi. Einnig eru aðrir námsþættir sem lúta að grunnleikni, svo sem tján-ing, ritun, upplýsingatækni og reiknigeta felldir inn í aðrar námskrár FA. Fleiri námskrár til eflingar á grunnleikni munu koma út á næstunni. Verið er að vinna að námskrá um tækni í námi og starfi en það nám mun gagnast vel ofangreindum hópi til að auka færni í notkun tækni og tækja til að auðvelda nám og bæta árangur.

Fræðslumiðstöðin hefur frá upphafi starfsemi sinnar þróað kennslufræði sem hentar fullorðnum nemendum og sem miðar að því að efla grunnleikni þeirra. Nú eru í boði ýmis kennslufræðinámskeið fyrir kennara og leiðbeinendur hjá símenntunarmiðstöðvunum. Þar af er eitt sem er sérstaklega hugsað til að aðstoða þá með aðferðir og úrræði til að leiðbeina þeim sem eru í læsisvanda eða með aðra námserfiðleika sem tengjast grunnleikni en einnig eru í boði kennslufræðinámskeið sem fylgja einstökum námskrám sem gefnar eru út hjá Fræðslumiðstöðinni.

Það eru að mótast ný viðhorf og viðmið um menntun í nútímasamfélagi. Þau taka mið af þeim stöðugu þjóðfélagsbreytingum sem við búum við. Ef við stöndum vel að því að leggja þá undirstöðu sem þarf til að geta nýtt sér þau fjölmörgu tækifæri til menntunar og þroska sem nútíminn gefur okkur - þá eru bjartir tímar framundan í fullorðinsfræðslunni.

Sigrún Jóhannesdóttir Deltadeild

Lærðu af nýjum bókum en gömlum kennurum.

Tyrkneskur málsháttur



Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma

Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma stuðla að auknum fræðilegum og persónulegum þroska kvenna í fræðslustörfum og gæðum í menntun og uppeldisstörfum



Heimasíðan okkar er :
<http://dkg.muna.is>

Heimasíða alþjóðasamtakanna er:
<http://dkg.org>